

Febrúar 2022



Alþjóðleg þróunarsamvinna

Stefnumið upplýsingamiðlunar,
kynningar og fræðslu um
þróunarsamvinnu Íslands

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Febrúar 2022

postur@utn.is

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið

©2022 Utanríkisráðuneytið

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Leiðarljós	5
3. Vegvísar	6
3.1 Málefnaáherslur.....	6
3.2 Markhópar.....	6
4. Faglegir starfshættir	8
4.1 Aðgerðir	8
5. Samstarfsaðilar	9

1. Inngangur

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Metnaðarfull stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu og breytt embættisheiti ráðherrans, sem nú er utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, endurspeglar þetta.

Kynna þarf og miðla með markvissum og lifandi hætti stefnu og framkvæmd utanríkisráðuneytisins og samstarfsaðila þess á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Sú miðlun þarf einnig að ná til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem eru leiðarljós þróunarsamvinnustefnu Íslands og hafa það að meginmarkmiði að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli sjálfbærni.

Mikilvægt er að þverlæg áherslumál stefnunnar, mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbær þróun, skili sér í allri umfjöllun um þróunarmál.

Í stefnumiðum þessum er horft til þess að þróunarsamvinna er fjármögguð af opinberu fé og því mikilvægt að almenningur hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum um framlög og árangur. Stefnumiðin skilgreina hvernig ráðuneytið getur stuðlað að auknum áhuga og þekkingu á þróunarsamvinnu Íslands hér heima og alþjóðlega. Hluti af sýn þessara stefnumiða er að almenningur sé vel upplýstur og veiti alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands stuðning og aðhald. Árangri af þróunarsamvinnu skal vera komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki.

Stefnumiðin styðja jafnframt við kröfur þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD, DAC) um öflugt kynningar- og fræðslustarf aðildarríkjanna.

Stefnumið á sviði upplýsingamiðlunar, kynningar og fræðslu snúa annars vegar að árangursríkri, virkri og notendamiðaðri upplýsingamiðlun ráðuneytisins gegnum alla sína innri miðla og ytri miðla í samstarfi við félagasamtök, háskóla og grunnskóla, Íslandsstofu, samtök atvinnulífs, auk fjölmiðla, bæði innanlands og alþjóðlega. Hins vegar snýr það að markvissu samstarfi ráðuneytisins við fjölmarga aðra aðila svo sem félagasamtök, fjölmiðla, háskólasamfélagið og ýmsar stofnanir um upplýsingamiðlun, kynningu og fræðslu eins og getur um í þróunarsamvinnustefnunni.

Í allri upplýsingamiðlun, kynningu og fræðslustarfi verður leitast við að auka skilning á gildi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, framkvæmdar þróunarsamvinnustefnu Íslands og árangri starfsins í þágu mannréttinda, jafnréttis kynjanna, friðar og velsældar á heimsvísu.

2. Leiðarljós

Stefnumiðum í kynningar- og fræðslumálum er ætlað að styðja við framkvæmd þróunarsamvinnustefnu Íslands 2019-2023 með því að setja fram grunnáherslur og móta ramma um starf utanríkisráðuneytisins á þessu sviði yfir tímabilið.

Leiðarljós stefnumiða þessara tekur mið af upplýsingastefnu utanríkisþjónustunnar til að vinna með samstilltum hætti að fjölbreyttri og vandaðri upplýsingamiðlun, kynningu og fræðslu heima og erlendis um þróunarsamvinnustefnu Íslands og framkvæmd hennar.

Upplýsingagjöf, kynning og fræðsla um heimsmarkmiðin og alþjóðlega þróunarsamvinnu er til þess fallin að auka skilning á þeim hnattrænu áskorunum sem Íslendingar og aðrar þjóðir heims standa andspænis. Markmiðið er að auka gagnsæi og skilvirkni í upplýsingamiðlun og fræðslu og stuðla með því að auknum áhuga, þekkingu og vandaðri umræðu um ólíkar hliðar þróunarsamvinnu Íslands. Lögð er áhersla á árangursríka upplýsingagjöf gegnum nýjustu tækni og fjölbreytta miðla hér heima og erlendis.

Leiðarljós í fræðslu- og kynningarmálum þróunarsamvinnu

Að auka gagnsæi í upplýsingamiðlun, áhuga, þekkingu og skilning á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

3. Vegvísar

Markmiðið er að miðla með lifandi og fjölbreyttum hætti upplýsingum um gildi og árangur af þróunarsamvinnu Íslands eftir málefna sviðum, þverlægum áherslum og einnig út frá áherslum er byggjast á samkeppnishæfni Íslands.

Kynningar- og fræðslustarfi er þannig ætlað að hvetja til opinnar og frjórrar umræðu á Íslandi um þróunarmál og að auka gagnsæi m.a. með birtingu á tölfræðilegum staðreyndum um framlög og árangur þróunarsamvinnu.

Ráðuneytið stýrir kynningar- og fræðslustarfinu og miðlar, á íslensku og ensku, gegnum alla miðla utanríkisþjónustunnar. Jafnframt er áhersla lögð á miðlun og fræðslu í samstarfi við fjölmiðla, menntastofnanir, og háskólasamfélagið, félagasamtök og aðra samstarfsaðila á borð við landsfélög alþjóðastofnana hér heima, Íslandsstofu, GRÓ þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu og GRÓ-skólana fjóra á sviði jarðhita, sjávarútvegs, jafnréttis og landgræðslu.

3.1 Málefnaáherslur

Upplýsingamiðlun og kynning á alþjóðlegri þróunarsamvinnu getur verið með ýmsum hætti hvað varðar efnistöð, framsetningu og miðlun. Hún getur byggt á formlegum fréttatilkynningum og greinaskrifum eða á óformlegum spjallfundum eða tísti ráðuneytis, samstarfsaðila eða áhrifavalda.

Í upplýsingamiðlun verður lögð áhersla á árangur í þeim tilgangi að sýna fram á nýtingu opinbers fjármagns til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Enn fremur skal bregða ljósi á breytingar á aðstæðum landa og samfélaga sem njóta góðs af stuðningi og samstarfi við Ísland. Ávallt ber að leggja áherslu á tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þverlægar áherslur Íslands í þróunarsamvinnu.

Með vönduðu fræðslustarfi um þróunar- og mannúðarmál er lögð áhersla á fróðleik um áherslur Íslands í málaflöknum, þróunina í heiminum, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, aðgerðir alþjóðasamfélagsins og málefni þróunarríkja, svo dæmi séu tekin.

3.2 Markhópar

Greint er á milli ólíkra markhópa fyrir upplýsingamiðlun, kynningar- og fræðslustarf með það fyrir augum að ná betur til ólíkra hópa

Almenningur á Íslandi er helsti markhópur upplýsingamiðlunar, kynningar og fræðslu.

Háskólar og grunnskólar eru mikilvægur markhópur. Rík áhersla er lögð á að ná til sem flestra barna og unglinga á landinu með fræðsluefni um þróun heimsins, heimsmarkmiðin og þróunarsamvinnu auk þess sem hluti af kynningarefni er sérsniðið að yngri aldurshópum.

Fjölmiðlar gegna stóru hlutverki í lýðræðislegu samfélagi. Leitast verður við að auðvelda fjölmiðlum aðgang að upplýsingum um þróunarstarf Íslands og skoða tækifæri til aukinnar samvinnu við fjölmiðla á gildistíma stefnumiðanna, sbr. samstarf utanríkisráðuneytisins og Vísis um birtingu fréttanna úr Heimsljósi

Atvinnulífið er í vaxandi mæli mikilvægur markhópur enda verður heimsmarkmiðunum ekki náð án aðkomu þess. Mikilvægt er að bæta kynningu á samstarfstækifærum fyrir fyrirtækjum í samstarfi við Íslandsstofu, Samtök atvinnulífs og aðra

Alþingismenn eru mikilvægur markhópur í kynningarstarfi um þróunarsamvinnu. Alþingi ákvarðar fjárframlög og því er þekking og skilningur þingmanna mikilvægur, ekki síst þeirra sem sitja í utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd, auk þróunarsamvinnunefndar.

4. Faglegir starfshættir

Neðangreint markmið miðast við gildistíma stefnumiðanna. Aðgerðirnar skulu styðja við markmiðið og árangurinn kemur fram í tölulegum gildum mælikvarðanna.

Auka skilning og stuðning við alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands

4.1 Aðgerðir

Lögd verði áhersla á að nýta nýjar hugmyndir og nálganir við kynningarstarf. Ólíkar leiðir verði nýttar til að ná til almennings, m.a. með Openaid.is, samfélagsmiðlum og markvissu samstarfi við ýmsa aðila.

Umhverfi upplýsinga- og kynningastarfs er síbreytilegt, þar sem ný tækifæri bjóðast, sem og nýjar leiðir til miðlunar. Vegna þessa verður unnið samkvæmt árlegum framkvæmdaáætlunum þar sem neðangreindar aðgerðir verða hafðar til hliðsjónar.

- Efla heimasíðu ráðuneytisins með markvissri, myndrænni og notendamiðaðri upplýsingamiðlun.
- Auka upplýsingamiðlun um þróunarsamvinnu, tækifæri og árangur, gegnum innra tengslanet ráðuneytisins (skrifstofur ráðuneytis, heimasendiherrar, fastanefndir, sendiskrifstofur gagnvart þróunarlöndum, kjörræðismenn, viðskiptafulltrúar osfrv.)
- Styrkja samstarf við GRÓ þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu og skólana fjóra um miðlun upplýsinga um samstarfstækifæri (styrki) og árangur af verkefnum.
- Auka samstarf við félagasamtök og aðra samstarfsaðila í þróunarsamvinnu um miðlun, kynningu og fræðslu.
- Efla samstarf við Íslandsstofu um miðlun samstarfstækifæra og árangurs í þróunarsamvinnu gagnvart atvinnulífinu m.a. gegnum Heimstorg og með framleiðslu myndbanda og kynningarefnis.
- Markvissa miðlun til fjölmiðla.
- Virkja félagasamtök og fyrirtæki sem hljóta styrki úr Heimsmarkmiðasjóðnum til fréttamiðlunar.
- Tryggja sýnileika og dreifingu efnis á samfélagsmiðlum.
- Skoða leiðir til að auka fræðslustarf í skólum t.d. með samstarfi við menntamálaráðuneytið, Menntamálastofnun og með markvissu námskeiðahaldi, með áherslu á allt landið.
- Virkja þróunarsamvinnunefnd í auknum mæli við að halda almenningi og þingheimi upplýstum um framkvæmd og árangur alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands (sbr. starfsreglur hennar).

5. Samstarfsaðilar

Efla skal upplýsingamiðlun og kynningu á miðlum utanríkisþjónustunnar, í ráðuneytinu sjálfu milli fagskrifstofa, upplýsingadeildar og verkefnastjórnar heimsmarkmiða. Þá þarf að vinna með markvissum hætti að upplýsingamiðlun gegnum sendiskrifstofur og GRÓ þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, auk samstarfs við kjöræðismenn í þróunarlöndum.

Með samstilltu átaki má auka þekkingu almennings á þróunarsamvinnu Íslands og heimsmarkmiðunum í samstarfi við helstu samstarfsaðila svo sem fjölmiðla, fulltrúa atvinnulífs, ungmenna, félagasamtaka og fræðasamfélagið.

Mikilvægt er að taka upp samstarf við menntamálaráðuneytið og Menntamálastofnun um fræðslustarf um alþjóðlega þróunarsamvinnu og framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem hluta af námskrá í grunn- og framhaldsskólum. Háskóla- og fræðasamfélagið er að sama skapi mikilvægur samstarfsaðili í kynningar- og fræðslustarfi, ekki síst við miðlun sérþekkingar á málefnasviðum þróunar- og mannúðarmála. Það sama gildir um félagasamtök, þ.m.t. landsnefndir stofnanna Sameinuðu þjóðanna sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

